

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

BT • Búinn með leikinn?

við kaupum hann af þér



Komdu með gömlu leikina í BT og skiptu þeim upp í nýja eða fáðu inneignarnótu (PS3, PS2, Wii, DS, Xbox360 og PSP)

Frábær kaup í spiluðum leikjum í BT

Nýtt

Nú tökum við einnig við XBOX360 og PSP leikjum!

BT

BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is



Jón Gnarr að leggja í einelti?

Miklar rökræður hafa átt sér stað á Facebooksíðu Auðar Jónsdóttur um Jón Gnarr borgarstjóra og kvikmyndina Gnarr. „Myndin fjallar um það þegar við hendum þessari týpu inn í þessar hrútleiðinlegu aðstæður sem íslensk stjórnsmál eru“, segir Gaukur Úlfarsson, framleiðandi Gnarr en hann hefur tjáð sig um myndina í fjölmiðlum. Auður segist sjá eftir að hafa kosið Besta flokkinn og segir stiklu úr myndinni, þar sem Jón talar um Sóleyju Tómasdóttur, minna á eineltisgerendur í grunnskóla. Gaukur og fleiri tjá sig um málið á Facebook. Í umræðunni kemur ein athugasemd frá Jóni sjálfum en hann segir myndina ekki vera á sínum vegum, biðst afsökunar og boðar Sóleyju á friðarfund.



Ølréttindi, jólabjór og jólasnjór

„Þetta er ósköp einfalt“, segir Dagmar Erla Jónsdóttir, vaktstjóri á Dönsku kránni í Ingólfsstræti en föstudaginn 5. nóvember verður þar haldið upp á hinn svokallaða Ølréttindadag. „Við hvetjum landsmenn til að yfirgefa vinnustaði sína kl. 14:25 og skunda á Dönsku kránna og fá sér bjór“, segir Dagmar og hvetur alla til að mæta á tímanlega. „Milli klukkan þrjú og hálfjögur verður bjórinn frír og klukkan fjögur tekur við Happy Hour,“ bætir Dagmar við en á Ølréttindadaginn verður einnig fyrsta jólasnjónum fagnað. „Í Danmörku er sú þjóðtrú að klukkan eina mínútu í níu að kvöldi 5. nóvember falli fyrsti snjórinn svo þá byrjum við að deila jólabjórnum,“ útskýrir Dagmar. „Jólabjórinn verður á tilboði alveg til miðnættis svo það verður alveg frábær stemning.“

TJARNARBÍÓ

Unglist 5.-13. NÓV.
Nánar á www.tjarnarbio.is

Bólu-Hjálmar SUNN. 7. NÓV.
Grímuverlaun sem barna- og unglingsýning ársins 2009

NÆSTA VIKA:

Útgáfutónleikar ÞRI 9. NÓV.
Rúnar Þórisson

Sirkus Sóley SUNN 14. NÓV.
Sirkus Ísland

FRUMSYNING MIÐ 17. NÓV.
Mojito Nýtt leikverk eftir Jón Atla

Mibásalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is

TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík



POPPUNKTUR fræga og fallega fólksins

Vala Grand og Sveppi mætast í annarri viðureign átta liða úrslita.



VALA GRAND GLAMÚRPÍA

5
RETT

Ekki mitt tungumál í tónlist

Ef þetta væru spurningar um Rihanna eða Beyoncé hefði ég unnið. Ég er ekkert inni í íslenskrum tónlist og einhverju rokki. Þetta er ekki mitt tungumál í tónlist. Ég þarf að hringja í Dr. Gunna!

Tja, hvað getur maður sagt? Þau eru nú hvorugt á leiðinni á Ólympíuleikana í Popppunkti og kannski ósanngjarnar að Sveppi hafi sigrað með því að vita hvað bumbubarnir í Mercedes Club heita. Er hann ekki alltaf í partíum með þessu liði? En allavega, leiðinlegt að missa Völu úr keppninni og til hamingju Sveppi!

1. Hvaða lag rappar Blaz Roca með Sykri?
2. Hvaða Michael Jackson-lag var sungið í Skaupinu 2009?
3. Hver söng Þjóðhátíðarlagið í ár?
4. Með hvaða bandi syngur Brandon Flowers?
5. Hvaða erlenda band var í Galtalæk í sumar?
6. Hvaða hljómsveit sá um tónlistina í Gauragangi?
7. Hvaða íslenska hljómsveit gerði plötuna Life's Too Good?
8. Um hvernig dúkku söng danska sveitin Aqua?
9. Hvaða hljómsveit gaf nýlega út plötuna Kimbabwe?
10. Hvað heita kapparnir tveir sem lömdu bumbur með Mercedes Club?
11. Í hvaða hljómsveit var Morrissey?
12. Hvaða ár spilaði Metallica á Íslandi?

VALA GRAND

1. Elska þessar mellur.
2. Ég man ekki hvort það var Thriller eða Bad.
3. KK.
4. Metallica.
5. Var það ekki Scooter?
6. Giska bara á Sykurmolana.
7. Giska bara aftur á Sykurmolana.
8. Barbí auðvitað.
9. Pass.
10. Ég man ekki hvað þeir heita en þeir voru einhverjir súper steragaurar.
11. I do not know.
12. Það var árið 2004. Einhver gaur fór frekar á þessa tónleika en á deit með mér!

SVEPPI

1. Gemmér drykk bitch eða eitthvað svoléiðis. Nei, það var Viltu dick?
2. Það var örugglega Bad.
3. Syngur Hreimur ekki öll þessi lög?
4. Ég hef aldrei heyrt þetta nafn. Giska á The Flowers.
5. Scooter.
6. Að sjálfsgöðu Nýdönsk.
7. Í svörtum fötum eða eitthvað.
8. Barbí. Þetta var uppáhaldslagið mitt einu sinni.
9. Þetta er svo erfitt. Ég giska á Múm.
10. Garðar Gasman og Partý Hans.
11. The Morrissey Band.
12. 2004.

6
RETT



SVEPPI FJÖLMIÐLAMADUR MEÐ MEIRU

Vildi hætta á tímabili

Á meðan keppninni stóð leið mér mjög illa og vildi hætta á tímabili og fyrir vikið er sigurinn sætari. Ég er þínu stoltur. Nú þarf ég að byrja að æfa mig fyrir næstu viðureign.

NÝJA POPPPUNKTSSPILID ER VÆNTANLEGT Í VERSLANIR Í NÓVEMBER.

Vantar alltaf fleiri stráka í módelbransann

Elite leitar að fólki fyrir Reykjavík Fashion Festival og Elite Model Look á laugardaginn.

„Við erum að leita að módelum til að taka þátt í Reykjavík Fashion Festival og Elite Model Look keppninni,“ segir Tinna Aðalbjörnsdóttir hjá Elite, en viðburðirnir tveir verða tengdir saman og haldnir í mars á næsta ári. „Svo erum við auðvitað alltaf að leita að módelum fyrir hin ýmsu verkefni,“ bætir Tinna við en prufur verða haldnar á laugardaginn á Klapparstíg 25-27 milli klukkan 15 og 18. „Þetta virkar þannig að fólk kemur til okkar og byrjar á að skrá niður helstu upplýsingar,“ útskýrir Tinna. „Svo eru teknar andlitsmyndir,“ segir Tinna en eftir helgi verður farið yfir allar umsóknir. „Síðan er hringt í þá sem koma til greina eftir að valið hefur verið úr umsóknunum og þeir fengnir til okkar aftur,“ segir hún og hvetur stráka sérstaklega til að koma í prufurnar. „Strákar eru svo feimnir, það vantar alltaf stráka,“ segir Tinna. „Við eigum ótrúlega mikið af flottum strákum á Íslandi.“



ERU TINNA OG FÉLAGAR AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Mynd/Árni Sæberg

“Ég er foli og það eru hestöfl í Hámarki”



Súkkulöðibragð

Jarðarberjabragð

Vanillubragð

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

25g prótein
99% fitulaus
Enginn hvítur sykur

Hámark - próteindrykkur er samin í gæðu mjólkur og myskapróteini, sem eru aðalinnihaldnið í líkamans kraft og veldi. Prótein eru öllum lífverum nauðsynleg viðhaldi og uppbyggingu. Hámark próteindrykkur er einnig rík og mættur með vítamínum A, B1, B2, B6, B12, C, D, E, K, og Zínk. Almur Grati og Ivar Guðmundsson Eitilþjálfari og margaðlaða vefbúnaðstjóri í Íslandi. Yfir 80% af heildarþyngdinni í Hámarki er mjólkur og hefur dróttunum þessari þessari gæðu og veldi.

Hámark - próteindrykkur er samin í gæðu mjólkur og myskapróteini, sem eru aðalinnihaldnið í líkamans kraft og veldi. Prótein eru öllum lífverum nauðsynleg viðhaldi og uppbyggingu. Hámark próteindrykkur er einnig rík og mættur með vítamínum A, B1, B2, B6, B12, C, D, E, K, og Zínk. Almur Grati og Ivar Guðmundsson Eitilþjálfari og margaðlaða vefbúnaðstjóri í Íslandi. Yfir 80% af heildarþyngdinni í Hámarki er mjólkur og hefur dróttunum þessari þessari gæðu og veldi.

Hámark - próteindrykkur er samin í gæðu mjólkur og myskapróteini, sem eru aðalinnihaldnið í líkamans kraft og veldi. Prótein eru öllum lífverum nauðsynleg viðhaldi og uppbyggingu. Hámark próteindrykkur er einnig rík og mættur með vítamínum A, B1, B2, B6, B12, C, D, E, K, og Zínk. Almur Grati og Ivar Guðmundsson Eitilþjálfari og margaðlaða vefbúnaðstjóri í Íslandi. Yfir 80% af heildarþyngdinni í Hámarki er mjólkur og hefur dróttunum þessari þessari gæðu og veldi.

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR

HRAUSTUR LÍKAMI - HEILBRIGÐ SÁL



Leyfa rötinni að vera

„Liturinn er finn og ég fíla skuggann í rötinni, en þetta er aðeins of stutt og aðeins of klesst,“ sagði Gosi. Honum fannst klippingin vera aðeins of aflíðandi á heildina lítið og því ekkert sérlega hrifinn. „Axlarsíddin er bara málið.“

Stuttklipptar stúlkur

Stutta hárið er í tísku núna og eru margar stjórnur að láta síðu lokkana fjúka. „Hún hefði átt að fara alla leið með stuttu klippinguna,“ sagði Dóri en hann vildi sjá hliðarnar styttri og hafa smá þyngd á hárinu ofan á.



DÓRI OG GOSI Á RAUÐHETTU & ÚLFINUM VITA HVAÐ ÞEIR SYNGJA

7 seiðandi greiðslur

Hlýir tónar, axlarsítt og stallar flottast í vetur

Stíllinn hitti Gosa og Dóra, hárgreiðslumeistara á Rauðhettu & Úlfinum, og fékk álit þeirra á nokkrum heitum greiðslum fyrir veturinn. Strákarnir vilja sjá axlarsítt hár og þvertopp. Hirðuleysi og þetta „undone look,“ eins og maður nenni ekki að fara í klippingu, er töff í dag sem er hentugt fyrir þær sem vilja geta hoppað úr sturtunni og hlaupið í skólann eða vinnuna án þess að þurfa að hafa mikið fyrir því. Gosi sagði einnig að stallarnir væru að koma aftur, sem hann er mjög hrifinn af. Þá er bara að taka fram pottinn og klippa toppinn eða kíkja á Rauðhettu & Úlfinum.



Karamellan

„Sunkissed“ strípur í karamellulit. „Miðjuskípting er flott og sniðug fyrir þá sem eru komnir með nóg af þvertoppnum sínum,“ sagði Dóri. Hlýi, gyllti liturinn er falletgur en það er einmitt það sem er flott í vetur. „Það er búið að vera svo mikið um kalda líti, allt gyllt finnst mér vera flott núna,“ sagði Gosi.



Sexý miðjuskípt hippaklipping

Gosa og Dóra fannst hippaklippingin mjög flott og kölluðu þetta „miðjuskípt sexy hippalook“ eða svona „undone“ greiðsla. Þó sögðu þeir þetta look hafa verið í gangi í smá tíma og það væri því á undanhaldi.



Leiðinleg en sígild hjá Evu

„Þetta er boring,“ sagði Gosi. „Hárið á henni er allt of strípað.“ Dóri var sammála því en bætti við að hann hefði frekar viljað sjá þvertopp frekar en hliðartoppinn. Annars töldu þeir þetta vera klassíska og fína klippingu í heildina.



Axlarsítt er sigurvegarinn


Strákarnir sögðu Ashley Olsen án efa vera með flottasta hárið. Þeir kölluðu þetta „dirty blond“ og voru hrifnir af rötinni, sem er mjög heit um þessar mundir. „Axlarsítt er það sem koma skal,“ sagði Gosi. „Beyglurnar og liðirnir í hárinu koma mjög vel út.“



Náttúrulegt og síðar styttr

Klippingin er mjög einföld og látlaus með náttúrulegum lit. „Þetta er bara eins plain og hægt er,“ sagði Gosi. „Hún hefur fíngerðar strípur með smá skugga undir. Styttur hjá henni eru síðar og svo er bara smá náttúruleg hreyfing í því.“

...að **Coco Chanel** gerði Ritz hótelið í París að heimili sínu en þar bjó hún í 37 ár. Hún hreiðaði um sig í þriggja herbergja svítu með útsýni yfir **Place Vendôme**. Svítan kallast enn í dag Coco Chanel Svítan og kostar nóttin hvorki meira né minna en 4.300 dollara eða 481.729 íslenskar krónur, allavega samkvæmt genginu í dag.



...að **ilmvatnið** á sér langa sögu. **Egyptar** til forna notuðu ilmvatnið fyrstir af öllum til trúarlegra athafna og bjuggu þeir til ilmvötnin úr t.d. tímían og myrru.

...að flestir **vara-litir** innihalda **fiskhreitur..** beisik.



...að fót sem eru sett í **hreinsun** endast mun lengur en fót sem fara í **þvottavélina**.

VISSIR ÞÚ..?



...að fyrsta **Dr. Martens** skóparið var búið til úr gömlum **dekkjum**.



...að **gerviaughnár** voru fundin upp fyrir **D.W. Griffith**, kvikmyndaframleiðanda í Hollywood, en hann vildi stækka og gera aughnárinn á leikkonunni **Seena Owen's** ýktari fyrir bíómynd sína árið **1916**. Aughnárin voru búin til úr alvöru **mannahárum**.

ÚLPUÐ! NÝ SENDING AF HLÝJUM OG GÓÐUM ÚLPUM

FRÁBÆRT VERÐ!

**DÖMUÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
11.990**

NORTHBROOK SAGA PARKA
Hlý vetrarúlpa úr polyester og bómull. Litir: Svört, rauð. Dömustærðir.



16.990

NORTHBROOK BLIZZARD W PARKA
Vetrarúlpa úr vindheldu efni sem hringir frá sér vatni. Hettu og loðkraga má taka af. Litir: Ljósbrún, svört. Dömustærðir.



29.990

**DÖMU-
OG HERRA-
STÆRÐIR**

MCKINLEY KIMBERLY JACKET
Vönduð dúnúlpa úr Exodus útvistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Hettu og loðkraga má taka af. Litir: Hvít, svört, rauð. Dömustærðir. Litir: Blá, svört, rauð. Herrastærðir.



**DÖMUÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
15.990**

FIREFLY PETRA W PARKA
Hlý vetrarúlpa sem er vindheld og hringir frá sér vatni. Litir: Fjólublá, svört. Dömustærðir.



19.990

MCKINLEY PINE W JACKET
Úlpa úr Exodus útvistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Litir: Rauð, ljósbrún, svört. Dömustærðir.



**HERRAÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
16.990**

NORTHBROOK BLIZZARD M PARKA
Vetrarúlpa úr vindheldu efni sem hringir frá sér vatni. Hettu og loðkraga má taka af. Litir: Brún, svört, rauð. Herrastærðir.



19.990

MCKINLEY CASTLE JACKET
Úlpa úr Exodus útvistarefni með 5.000 mm vatnsheldni. Litir: Blá, svört, ljósbrún. Herrastærðir.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 505 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDIR SÍMI 505 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 056 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 505 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

Ennþá að reyna að meika það

Björgvin Halldórsson þarfnast engrar kynningar. Þessi goðsögn í íslenskri poppsögu segir **Monitor** allt um bransann, frasana, brotnu tönnina, grúppíurnar, gullröddina og hvernig hann kann að meta **Mínus** og **Steed Lord**, hljómsveitir barna sinna.

Texti: Björn Bragi Arnarsson
Myndir: Ernir Eyjólfsson

bjornbragi@monitor.is
ernir@mbl.is

Lögin sem Björgvin Halldórsson hefur hljóðritað eru að nálgast þúsund. Þessa tölu má margfalda með meira en einu hundraði til að fá út þann fjölda platna sem hann hefur selt á ferlinum. Að eigin sögn er Björgvin þó enn að reyna að meika það. Hann er um þessar mundir að skipuleggja árlega jólatónleika sem fara fram í Laugardalshöll í byrjun desember. Aðsóknin á þá er svo mikil að haldnir verða fjórir tónleikar, en þeir fimmtu fara svo fram á Akureyri. Þá vinnur Björgvin að nýrri dúettaplötu, framhaldi plötunnar Dúett sem kom út fyrir sjö árum. En förum aðeins lengra aftur í tímann...

Þú varst 18 ára þegar þú varst kosinn poppstjarna Íslands fyrir framan hátt í fimm þúsund manns í Laugardalshöll. Verða menn ekki sturlaðir af því að fá svona mikla athygli svona ungir?

Jú jú. Ég var það og við strákarnir í Ævintýri. Það má kannski segja að þetta hafi verið eins konar Idol-keppni síns tíma. Ég var að vísu búinn að vera í hljómsveitum í tvö-þrjú ár, bæði í Flowers og Bendix og var orðinn svoltið sjóður. En að sjálfsgöðu urðum við svoltið fullir af sjálfum okkur. Við urðum stjörnur á einni nóttu og blöðin voru alveg full af þessu. En fljótlega sáum við að þetta væri nú svoltið of mikið og reyndum að taka þetta ekki of alvarlega. Byrjuðum strax að hugsa þannig svo að við yrðum ekki komnir út á tún.

Hvernig gekk þér að fást við athyglina svona ungur?

Það hefði getað orðið erfitt og var erfitt um tíma, en ég er sem betur fer húmormaður. Ég gat alltaf séð spaugilegu hliðarnar á þessu og vissi það að ég var bara Björgvin Halldórsson, strákur úr Hafnarfirði. Ég gleymdi ekkert uppruna mínum og átti mína vini. En ég hafði gaman af þessu og hef gaman af þessu. Ég er ennþá poppstjarna.

Hver er sagan á bak við brotnu tönnina?

Sagan er sú að þegar ég er unglingur, svona 13 eða 14 ára, var ég í skólasundi í gömlu sundlauginni í Hafnarfirði. Það var leikur sem við vorum oft í þar sem við hlupum í kringum lauginna og þú varðst að koma niður á hverju horni. Ég ætlaði að taka þetta með svakalegum stælum, stökk og datt á bakkann og hreinlega slasaðist. Ég man ennþá þennan sársauka. Ég fór til læknis og mátti ekkert gera við þetta í nokkur ár því það kom brestur í bein. Ég þurfti bara að vera svona í smá tíma þegar ég var að byrja í bransanum. Þetta fór æðislega í taugarnar á mér og þetta var mjög vont. En svo fannst mér þetta í lagi því að Paul McCartney var með brotna tönn.

Svo varð þetta tískufyrirbrigði.

Já, blöðin gerðu nú svoltið mikið úr þessu. Þeir segja að einhver hafi brotið í sér tennurnar, en með fullri virðingu ætla ég að vona að það hafi ekki verið margir og helst enginn. Það var bara ekkert að gerast hérna á

Við hjónin, ég og Ragnheiður konan mín, erum gamlir hippar og mjög frjálslýnd og létum allt eftir þeim. Leyfðum þeim að hafa þetta alveg eins og þau vildu.

þessum tíma og algjör gúrka. Við fórum upp á styttuna af Einari Ben og vorum með alls konar uppákomur og fjölmiðlarnir gripu þetta allt.

Friðrik Dór var á síðustu forsiðu Monitor og talaði um sms- og facebook-skilaboð sem hann fær frá kvenkyns aðdáendum sínum. Voru grúppíurnar jafnklikk-aðar þegar þú varst að slá í gegn?

Já já, en ég fékk bara bréf. Það voru bara bréfadúfur, ekki sms. Ég fékk mikið af mjög skrytnum bréfum og við eigum obbann af þessum bréfum í einhverjum poka. Það voru líka smá stalkerar og verið að hringja. Þá var bara hringt heim til mómmu. En ég fæ ennþá skrytín skilaboð á facebook. Skrytnar óskir.

Þetta hættir ekkert þótt menn séu harðgiftir?

Það tekur sig upp eitthvað gamalt grín. En þetta er nú ekki eins mikið og áður.

Hvenær kom Bo Hall nafnið til sögunnar?

Fyrst var þetta bara Bo. Þannig var að við í Ævintýri vorum alltaf að spila uppi á Keflavíkurflugvelli í Rockville. Spiluðum þarna oft tvisvar, þrisvar í viku. Þetta var aðalhöfnið í bransanum að fara upp á völl og spila fyrir Amerikanana. Það var alveg eins og þú værir erlendis; hamborgarar, bjór og allir töluðu ensku og þú söngst á ensku. Þar kynntumst við mörgum góðum vinum okkar og þeir gátu aldrei sagt Björgvin. En af því að sumir kölluðu mig Bjöggi þá kölluðu þeir mig Bogey. Ég var kallaður það í smá tíma og svo var það bara stytt niður í Bo.

Hvað ertu oftast kallaður í dag; Björgvin, Bjöggi eða Bo? Nú eða Bogey?

Ég er nú aldrei kallaður Bjöggi, það var bara eitthvað í gamla daga. Ég held að nafnar mínir séu, eins og ég, ekkert hrifnir af því. Ég er yfirleitt kallaður bara Björgvin. Ég meina þú ert Björn, ég fer ekki að kalla þig Bjössu fyrir en þú leyfir mér að kalla þig Bjössu. Svo eru margir sem segja: „Hey Bo.“ Það er allt í lagi. Þetta er orðið hálfgerft „stage name“ bara eins og erlendis. Lady Gaga heitir ekki Lady Gaga. Elton John heitir ekki Elton John, hann heitir Reginald Dwight.

Þú átt marga ódauðlega frasa. Hvaðan kemur frasinn að það sé „ekki go, fyrr en Bo segir go“?

Ég á reyndar ekki þennan frasa og ég veit ekki hver á hann. Gott ef Gulli Helga á hann ekki bara. En þessir frasar eru eitthvað sem ég byrjaði á mjög snemma. Ég er mjög kaldhæðinn og reyni að sjá spaugilegu hliðarnar. Við Gíslu Rúnar köllum þetta einlínunga, eða „one-liners“. Það er helvíti gott ef einhver segir eitthvað og þú getur afgreitt það með einum frasa. En þetta er allt gert í góðu, þetta er enginn hroki eða stælar. Fólk sem fattar þetta ekki hefur bara verið niðri í kjallara þegar Guð skapaði húmorinn.

Hvenær varst þú á hátindi ferilsins, eða er hátindinum kannski ekki náð enn?

Það fer bara eftir því hvað þú vilt hafa fjallið hátt. Ég er ennþá að reyna að meika það. Ég er búinn að syngja átta eða níu hundruð lög og gefa út fullt af plötum, en ég þarf að hafa alveg jafn mikið fyrir því að prómótera og vekja athygli á þessari músík sem ég er að gera eins og þeir sem eru að byrja. Við erum lítil þjóð en það er svo mikið áreiti. Þú verður að ná fyrir ofan „noise level“ og það er heilmikið verk.

Hvor er kóngurinn, þú eða Bubbi?

Ég held að við séum hvorugir kóngar. Það er bara einn kóngur og hann er uppi á himnum. Mér finnst þetta orðið svoltið ofnotað. „Blessaður meistari“ og „bless-

aður snillingur.“ „Meistari“ Megs og „Doktor“ Gunni. Gunni Hjálmtýs hérna í bankanum skilurðu. Ég er ekki meistari. Ef ég væri snillingur þá væri ég örugglega einhvers staðar annars staðar.

Hvar værirðu þá?

Þá væri ég bara á einhverri eyju í hvítum slopp með hárið út í loftið og alveg brjáláður.

Þú ert að minnsta kosti konungur jólanna, átt ógrynni vinsælla jólalaga og það er að seljast upp á fjóra stóra jólatónleika með þér í Laugardalshöll. Er Björgvin Halldórsson jólin holdi klædd?

Það hefur bara æxlast þannig í gegnum tíðina alveg síðan ég byrjaði að hef sungið mikið af jólalögum. Fyrsta jólaplattan sem ég syng er með Hljómunum, Gleðileg jól. Ég hef oft verið að gefa út plötu fyrir jólin og þá er ákveðið að gera jólaplötu. Ég var búinn að syngja öll jólalögin sem allir þekkja, þannig að ég þurfti að fara að finna ný jólalög. Svo í fyrsta sinn sem ég kom til Ítalíu og fór að hlusta á ítölsk lög fannst mér mörg þeirra svo jólaleg. Þannig að við tókum þau og gerðum úr jólalög. En ég meina, hver er ekki jólabarn? Það er æðislega gaman að þessari hátið í svartasta skammdeginu.

Að sjálfsgöðu urðum við svoltið fullir af sjálfum okkur. Við urðum stjörnur á einni nóttu.

Þú ert líka að vinna í nýrri dúettaplötu og ert búinn að fá til liðs við þig stórkotalið. Þarf ekki bara eitt símtal frá þér og þá eru menn geim?

Það gekk mjög vel að fá þetta fólk og ég var búinn að velja lögin með þessa söngvara í huga. Ég hef mjög gaman af svona dúettasöng, að syngja á móti öðrum og fá stuðara frá öðru fólk. En það er ekki alltaf sem þetta gengur upp, stundum er fólk ekki að fíla lögin eða eitthvað slíkt. En eins og á jólatónleikum höfum við reynt að velja öll lögin í samráði við listamennina. Það er ekki hægt að ákveða bara eitthvað lag og segja: „Þú syngur þetta vinur og þegiðu.“ Það gengur ekki, jakkinn verður að fitta.

Ef þú hefðir ekki meikað það í tónlistinni, hvað hefðir þú farið að gera?

Ég eiginlega slysaðist inn í þetta. Bróðir minn var í hljómsveit og það var mikið músík í fjölskyldunni. Þetta var þannig að ég hef æðislega gaman af allri tækni, tölvutækni og græjum og ætlaði að fara í það. Ég ætlaði að fara í iðnskóla að læra það sem kallaðist „viðhald á skrifstofuvélum.“ Tölvurnar voru ekki komnar. Ég var á leiðinni í þetta þegar ég slysaðist í skólahljómsveitina Bendix. Ég gat sungið eitthvað smá, þó að mér finnst ég reyndar alveg glataður þegar ég hlusta á mig frá því í gamla daga. Krummi og Svala voru hundrað sinnum betri en ég var á þessum aldri. En eftir þetta var ekkert aftur snúið.

Lærðir þú einhvern tímann söng?

Nei. Eina tilsógnin sem ég hef fengið með öndun og svona var frá Engilbert Jenssyni. Ég kynntist honum í Hljómunum og Lónlí Blú Bojs. Að anda með þindinni og svona. Svo náttúrulega lærir maður af samstarfsfólki sínu, ég hef unnið með svo mörgum góðum söngvurum og góðum hljóðfæraleikurum. Svo er þetta bara skóli lífsins. Ég hef orðið hás, andað vitlaust og misst röddina, það kemur ekkert fyrir aftur.



viõtaliõ

/// Ég er ekki meistari.
Ef ég væri snillingur
þá væri ég örugglega einhvers
staðar annars staðar.



Svala og Krummi eru bæði búin að vera lengi að í tónlistinni. Hvernig flílarðu til dæmis Mínus, þetta er ekki beint tónlist eins og Brimkló var að gera?
Mér finnst þeir mjög kúl. Mér finnst þeir flottir og þessi nýja plata, sem þeir eru búnir að vera í svolitinn tíma að vinna í, er mjög spes.

Varstu ekkert að ýta honum í átt að poppinu þegar hann byrjaði í þessu harða rokki?

Nei, ég ýtti þeim hvorugu nokkuð og reyndi eiginlega frekar að draga úr því að þau færu út í þennan bransa. Við hjónin, ég og Ragnheiður konan mín, erum gamlir hippar og mjög frjálsslynd og létum allt eftir þeim. Leyfðum þeim að hafa þetta alveg eins og þau vildu.

Væri Krummi ekki góður í ballöðunum eins og gamli maðurinn?

Krummi er hörkusöngvari og er allur að breytast. Hann er að vinna að annarri plötu sem er svona leyniverkefni og þar myndirðu ekki þekkja hann frá því sem hann er að gera í Mínus.

Hvað með Steed Lord?

Ég er náttúrulega svo hlutdrægur, ég má ekki segja þetta, en Svala er náttúrulega alveg æðisleg söngkona og ein af mínum uppáhalds söngkonum. Þau eru að gera mjög spennandi hluti. Þau lentu auðvitað í þessu svakalega slysi sem hefði getað farið miklu verr og við hefðum hreinlega getað misst þau. Það var mjög erfitt. En þau sögðu: „Það er engin sena hérna“ og ákváðu að láta drauminn rætast og fluttust til Hollywood. Þau eru nýkomin úr stórum túr þar sem þau spiluðu um allan heim og eru að gera það gott. Ég er mjög stoltur af þeim.

Munum við einhvern tímann fá að sjá þig í skræpöttum Steed Lord-fatnaði? Í stretch-buxunum? Nei ég hugsa ekki. Ekki nema í einhverju leikriti.

Þú ert eigandi „Stöð 2 raddarinnar“ sem hver einasti Íslendingur þekkir betur en sína eigin. Þarftu ekki að mæta með míkrofón úr gulli til að lesa inn á?

Nei, en ég er búinn að láta þá skipta um míkrofón. Menn verða að vera með réttu græjurnar. Þetta verður að vera útsendingarhæft. En ég er mikill græjukarl og á mjög fína míkrofóna í stúdíóinu.

Já, sagan segir að þú sért fyrstur manna að eignast allar nýjar og flottar græjur. (Björgvin er bæði með iPad og iPhone fyrir framan sig á meðan á viðtalinu stendur.)

Þetta er fíkn. Við erum nokkrir kunningsar sem erum svona brjálæðingar. Ég hef ofsalega gaman af nýrri tækni. En ég var miklu verri. Þetta er náttúrulega orðið svo dýrt að ég á ekki aura fyrir þessu.

Þú ert mikill kvikmyndaunnandi. Komdu með nokkrar frábærar bíómyndir sem lesendur Monitor ættu að sjá um helgina.

Þetta er ekki hægt, þú stillir mér alveg upp við vegg. Casablanca, 2001, Apocalypse Now, Scarface. Þetta eru allt flottar myndir.

Er eitthvað sérstaklega eftirminnlegt þegar þú horfir til baka?

Ég get ekki dregið neitt ákveðið fram. Maður man bara eftir þessu skemmtilega, en auðvitað er stundum búið að vera erfitt. Ég er búinn að fara niður í dalina og upp á fjöllin og taka allan pakkann. Mick Jagger sagði einu sinni helvíti fleyga setningu þegar hann var spurður að því hvernig stæði á því að þeir væru svona lengi í þessu. Þá sagði hann: „Ef þú ert nógu lengi í þessu, þá venst fólk þér.“ Eins og einhverjum frænda. En ég er nú ekki að líkja mér við Rolling Stones.

Ert þú ekki orðinn frændi íslensku þjóðarinnar?

„Distant cousin.“ Við erum nokkrir sem erum kallaðir frændur þjóðarinnar, en ég ætla ekki að dæma um það. Mér finnst ég alltaf vera að byrja upp á nýtt.

Þú ert góður í rúminu frá okkur!



RÚM

*RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0397 rum@rbrum.is www.rbrum.is*

Todd Phillips sem leikstýrir **Due Date** leikstýrði einnig gamanmyndunum frábæru **Old School** og **Hangover**. Næsta mynd hans er **Hangover 2**.

FERILLINN



Zach Galifianakis

Hæð: 173 sentimetrar.
Besta hlutverk: Hann sjálfur sem þáttastjórnandinn í *Between Two Ferns*. Ef þú hefur ekki séð þessa vefþætti skaltu leggja frá þér blaðið og fletta þeim upp undir eins!
Eitruð tilvitnun: „Kæranastan mín er svolítið lík Charlize Theron... og mjög lík Patrick Ewing.“
Skrýtin staðreynd: Þegar hann er ekki að skemma eða leika eyðir hann mestum tíma á heimili sínu í fjöllumum í Norður-Karólínu.

1969 Fæðist 1. október í Norður-Karólínu og er skírður Zacharias Knight Galifianakis.

1996 Byrjar feril sinn í sjónvarpi þegar hann fær hlutverk sem hasshausinn Billy í sjónvarpsþáttunum *Boston Common*. Í kjölfarið fær hann starf sem handritshöfundur í *Saturday Night Live* en endist aðeins í tvær vikur.

2002 Sjónvarpsþátturinn *Late World with Zach* hefur göngu sína á VH1 en er tekinn af dagskrá eftir níu vikur vegna lélegs áhorfs.

2006 Leikur eitt af aðalhlutverkunum í þættinum *Dog Bites Man* sem sýndur er á stöðinni *Comedy Central* um sumarið.

2006 Leikur í tónlistarmyndböndum við lögin *Not About Love* með Fionu Apple og *Can't Tell Me Nothing* með Kanye West. *Pitchfork Media* valdi síðarnefnda myndbandið 30. besta tónlistarmyndband þessa áratugar.

2009

Leikur í grínmyndinni *Hangover* sem slær algjörlega í gegn og hlýtur tilnefningu til MTV-verðlauna að launum. Í kjölfarið fær hann ógrynni af tilboðum um kvikmyndahlutverk.

2010 Reykir maríjúana-sígarettu í sjónvarpsþættinum *Real Time* þar sem verið var að ræða um lögleiðingu kannabiseftna.



ÞESSIR GÓÐU BRÆÐUR HAFNA REYKT FLEIRI EN TVÆR JÓNUR UM ÆVINA

Frumskýningar helgarinnar

Due Date

Leikstjóri: Todd Phillips.
Aðalhlutverk: Robert Downey Jr., Zach Galifianakis, Michelle Monaghan, Jamie Foxx, Juliette Lewis og Danny McBride.
Lengd: 100 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,5 / Metacritic: 5,9 / Rotten Tomatoes: 40%
Aldurstakmark: 7 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Peter Highman (Downey Jr.) á von á sínu fyrsta barni sem er væntanlegt í heiminn á næstu fimm dögum. Peter reynir því í flýti að ná flugi heim til Atlanta til að vera viðstaddur fæðingu frumburðarins. Áætlanir hans fara heldur betur úr skorðum þegar fyrir tilviljun verður á vegi hans upprennandi leikari að nafni Ethan Tremblay (Galifianakis).

Ævintýri Samma

Leikstjóri: Ben Stassen.
Leikraddir: Isabelle Fuhrman, Melanie Griffith, Anthony Anderson, Tim Curry, Kathy Griffin, Jenny McCarthy og Billy Unger.
Lengd: 85 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,4 / Rotten Tomatoes: 58%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Prívíddarteiknimyndin *Ævintýri Samma* segir frá skjaldbökkunni Samma sem klekst út á yfirgefni strönd og er klöfetur af mávi um leið og hann skríður upp úr hreiðurholunni sinni. Honum tekst að sleppa úr klóm hans og leggur hann upp í mikla ævintýraferð til skjaldbökuparadisarinnar Lapagos.

You Will Meet a Tall Dark Stranger

Leikstjóri: Woody Allen.
Aðalhlutverk: Gemma Jones, Pauline Collins, Antonio Banderas, Anthony Hopkins, Naomi Watts og Freida Pinto.
Lengd: 98 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,8 / Metacritic: 5,1 / Rotten Tomatoes: 48%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Háskólabíó.



Eftir að Alfie (Hopkins) yfirgefur Helenu (Jones) eigin konu sína til að endurupplifa æsku sína fer Helena að lifa lífi sínu eftir fjarstæðukenndum ráðum gervispákonu. Á sama tíma fellur Sally (Watts) dóttir þeirra fyrir yfirmanni sínum Greg (Banderas) og eiginmaður hennar Roy (Brolin) verður gagntekinn af Diu (Pinto). Þetta mun

Red

Leikstjóri: Robert Schwentke.
Aðalhlutverk: Bruce Willis, Helen Mirren, Mary-Louise Parker, Morgan Freeman og John Malkovich.
Lengd: 98 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,3 / Metacritic: 6,1 / Rotten Tomatoes: 70%
Aldurstakmark: 14 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Frank Moses (Willis) er fyrrum CIA-útsendari sem vann við háleynileg launmóðsverkefni. Nú er hann sestur í helgan stein og ætlar að njóta lífsins á snemmbúnum eftirlaunum. Það er hægara sagt en gert fyrir þennan adrenalínfíkil, sérstaklega þegar leigumórðingjar dúkka upp með þann ásetning að stúta honum.

Stone

Leikstjóri: John Curran.
Aðalhlutverk: Robert De Niro, Edward Norton og Milla Jovovich.
Lengd: 105 mínútur.
Dómar: IMDB: / Metacritic: 5,8 / Rotten Tomatoes: 47%
Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.



Gerard „Stone“ Creeson (Norton) sækir um reynsulausn og fær eftirlitsmaðurinn Jack Mabry (De Niro) málið í sínar hendur. Stone er ekki allur þar sem hann er séður og fær eigin konu sína, Lucettu (Jovovich), til að tálðraga Mabry í þeirri von að það geti orðið til þess að hann sé líklegri til þess að hljóta reynsulausn.



Undirbúningur fyrir tölur á næstu Batman-mynd, *The Dark Knight Rises*, er í



fullum gangi og nú velta menn vöngum yfir því hver muni leika draumadís leðurblökmannsins í myndinni. Charlize Theron, Vera Farmiga og Kacie Thomas hafa allar verið nefndar í því samhengi, en Maggie Gyllenhaal og Katie Holmes fóru með hlutverk Rachel Dawes í síðustu tveimur myndum. Christian Bale verður áfram í hlutverki Batman og Morgan Freeman, Gary Oldman og Michael Caine verða einnig á sínum stað.

Leonardo DiCaprio hefur keypt kvikmyndaréttinn að bókinni *The Devil in the White City* frá árinu 2003. Bókin byggir á sönnum atburðum og segir frá lækninum og fjöldamorðingjanum H. H. Holmes sem var uppi á 19. öld. Talið er að DiCaprio muni sjálfur fara með hlutverk morðingjans.



Jake Gyllenhaal var ánægður með kynlífsatriðin sem hann lék í á móti Anne Hathaway í nýjstu mynd þeirra, *Love and Other Drugs*, sem er væntanleg.



„Við töluðum um hvað okkur þótt kynþokkafullt og hvað æsti okkur og urðum frekar náin í þessu samtali,“ segir Gyllenhaal. Þau léku líka saman í kynlífsatriði í *Brokeback Mountain*, en væntanlega muna fleiri eftir atriði hans og Heath Ledger í sömu mynd.

James Cameron heldur áfram að hrauna yfir þá hugmynd að breyta kvikmyndum í þrívíddarmyndir eftir að þær hafa verið skotnar með venjulegum hætti. Þetta er einmitt uppi á teningnum með nýjstu Harry Potter-myndina. „Það er ekki hægt að breyta tveggja klukkustunda langri mynd eins og þeir gerðu með *Clash of The Titans*,“ sagði Cameron sem veit yfirleitt hvað hann syngur.



GULLMOLI VIKUNNAR

„Konur geta kannski feikað fullnægingu, en karlmenn heilt samband.“

Sharon Stone



KVEFPESTIN Í HAMARKI
Á LESTARSTÖÐ JAPAN



Heillaráð fyrir heimshornafلاكkara

Nú er tekið að kólna og dimma á klakanum og því tilvalið að lyfta sér upp og fara til útlanda. Mannasiðanefnd **Monitor** tók saman nokkrar ábendingar fyrir ferðalanga sem vilja haga sér sem innfæddir hvar sem þeir koma.

ASÍA

Japan: Hafðu grímu fyrir vitum þínum þegar þú ert með kvef.

Kína: Ekki sjúga matarþrjónana. Afsakkaðu gjöf nokkrum sinnum áður en þú þiggur hana. Taktu við og gefðu gjafir með báðum höndum. Ekki snyta þér á almannafæri.

Balí: Ekki taka myndir af fáklaeddu fólki á ströndinni.

Indland: Ekki blístra á almannafæri.

Indónesía: Ekki snerta höfuð fólks.

Íran: Heilsaðu börnum með handabandi til að sýna foreldrum þeirra virðingu.

Suður-Kórea: Leyfðu öðrum að ganga milli þín og þess sem þú talar við, ekki láta fólk þurfa að ganga fyrir aftan þig.

Tæland: Forðastu að stíga á þröskulda, heimilisandamir búa þar.

Tævan: Aldrei hreyfa hlut með fótunum.



HÚN BOÐAR FRÍÐ ÞRÁTT
FYRIR AÐ VERA MEÐ KVEF



ALLIR MEGA TAKA ÞÁTT
OG DANSÁ INNI Í HRINGNUM



Grikkland: Taktu þátt af innlifun í hópönsum sé þér boðið að vera með.

EVROPA

Ítalía: Ekki leyfa konum að skenkja víninu.



Portúgal: Gefðu merki um að máltíð hafi verið góð með því að kyssa fingurgóm vísifingers og klípa svo í eyrnasneþilinn. Ekki nota brauðið til að hreinsa af disknum í lok máltíðar.



Pólland: Ekki klára úr glasinu nema þú viljir áfyllingu.



Spánn: Segðu „buen provecho“ við hvern þann sem hefur máltíð.



Rússland: Ekki troðast framhá fólki í leikhúsi með afturendann að því.



Þýskaland: Ekki taka í höndina á einhverjum og hafa hina hendina í vasanum.



Sviss: Kauptu vín fyrir alla á borðinu þínu ef þú missir brauðið ofan í fondúíð.



Tyrkland: Ekki tala við gamalt fólk hærra en venjulegt er.



Noregur: Þegar sjómaður gengur framhá skaltu hrækja á eftir honum.



Finnland: Ef þú lætur saltíð ganga við matarborðið skaltu ekki rétta einhverjum það heldur setja það á borðið og leyfa viðkomandi að taka það upp sjálfur.



Svíþjóð: Bíddu með að fara í yfirhöfnina þar til þú ert kominn út úr húsi gestgjafans.



ÞESSI VILL
LÁTA HRÆKJA
Á EFTIR SÉR

NORÐURLÖNDIN



 Smáralind

KRAKKA DAGAR

4.-8. NÓVEMBER

Frítt fyrir alla krakka í Íþróttaskóla Latabæjar 7. nóv. kl. 13.00 í Vetrargarðinum.



Latabær & © 2010 Latabær ehf. Öll réttindi raskilin.

Frábær tilboð í verslunum

Sjá dagskrá og tilboð á smaralind.is

LOKAPRÓFIÐ

4. nóvember 2010 |

MONITOR
skólinn


Ég heiti Ríkka Ef ég væri ekki Friðrika Hjördís vildi ég helst vera

Þú veist hver ég er af því að ég veit hver þú ert



- a) Rachael Ray.
 - b) Martha Stewart.
 - c) Jamie Oliver.
 - d) Giada.
 - e) Gordon Ramsay.
- Af því að þú gati' ég skammt að vild

Það kemur kannski á óvart en ég:

- a) Elda ekki réttina mína sjálf.
- b) Var einu sinni of feit.
- c) Set smjör í allt sem ég elda.
- d) Er uppiskroppa með hugmyndir að léttum réttum og ætla því að snúa mér alfarið að skyndibitauppskriftum.
- e) 



Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Penelope Cruz til að leika mig en líklega yrði það samt Rosanne Barr

Það besta sem ég veit er hlatur en ég þoli ekki grátur



- Þegar ég var lítil langaði mig að verða
- a) Sjónvarpskokkur.
 - b) Kynnir í Wipe Out.
 - c) Fegurðardrottning.
 - d) Leikkona.
 - e) Bóndi



Upphaldsstaðurinn minn er

- a) rúmið mitt
- b) að sjálfsgöðu eldhúsið
- c) garðurinn
- d) bíllinn
- e) stofan

Því þar get ég Lifnaðsynn sem kemur mér úr A til B



Ég fæ aldrei nóg af rinnum minum

- Heitasti Frikkinn á Íslandi er klárlega
- a) Friðrik Dór, tónlistarmaður.
 - b) Friðrik Ómari, söngvari.
 - c) Friðrik Weissshappel, smekkmáður.
 - d) Friðrik Þór, leikstjóri.
 - e) Friðrik Sturluson, bassaleikari í Sálinni.
 - f) _____

Upphaldsmaturinn minn er Carb-onara en ég þorða alls ekki immat



Síðasta sms sem ég fékk var frá Sriinn og í því stóð lunch?

Ef maturinn minn væri manneskja væri hann

- a) Madonna.
- b) Britney Spears.
- c) Jennifer Aniston.
- d) Dolly Parton.
- e) _____

Af því að hún er svo dýnsi

- Núna langar mig helst í
- a) mat.
 - b) mömmu.
 - c) mussu.
 - d) mús.
 - e) mynd.

Það síðasta sem ég myndi gera væri að eta kónguló en ég þrái að liggja á strönd með 50 píná Colada



Það sem fáir vita um mig er at ég er í rann Ríkka Chan

Ef ég ætti að gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa All you need is love!

Síðast en ekki síst

» Þorbjörg Roach, úr Retro Stefson, fílar:

Bók Ég verð að viðurkenna það að ég hef bara ekki lesið bók í alveg svakalega langan tíma en Harry Potter stendur alltaf fyrir sínu.



seinustu daga. Alveg geðveik plata. Byrjið að tékka á laginu Bicycle.



Kvikmynd Fór í bíó um daginn á Óróa og fannst hún geðveikt skemmtileg! Þjóst við því að hún væri smá vandræðaleg og svona en hún var geðveikt góð og vel leikin.



Vefsíða Mér finnst alltaf jafn gaman að kíkja á failblog.org og horfa á myndband af einhverjum gaur að fá fótbolta í punginn eða eitthvað álíka.

Sjónvarpsþáttur Það segja allir Dexter þannig að ég nefni bara eitthvað gamalt og gott. **V The Original Mini Series** sem eru sjúklega skemmtilegir sci-fi þættir frá 1983. Og svo eru Twin Peaks líka algjör snilld!



Staður Það er alltaf kósý að kíkja í heita pottinn á köldum vetrardegi og spjalla í góðra vina hópi. Hvort sem það er **Sundhöllin**, **Laugardalslaugin**, **Vesturbæjarlaugin** eða **sundlaugin á Húsafelli**.



fimmtudagur **4** nóv

AF FINGRUM FRAM

Salurinn, Kópavogi
20:30 Gunnar Þórðarson verður gestur Jóns Ólafssonar og verður spurður spjörnum um lög, ferilinn og fleira, milli þess sem Gunnar flytur sínar helstu perlor. Forsala aðgöngumiða á midi.is og salurinn.is. Miðaverð er 2.900 kr.



BEYONCÉ TRIBUTE

Spot
21:00 Hjómveitin Bermuda flytur alla helstu smelli Beyoncé Knowles og Destiny's Child. Miðaverð er 1.200 kr.

CLIFF CLAVIN

Sódoma
21:00 Fyrsta plata hjómveitarinnar Cliff Clavin, *The Thief's Manual*, kom út í vikunni og ætla strákarnir að halda tónleika til að fagna útgáfu hennar. Miðaverð er 1.000 kr.

PRINS PÓLÓ

Bakkus / Venue
21:00 Hjómveitin Prins Póló blæs til tónleika á Bakkus og Venue en opið verður milli staðanna. Dj Halli Valli sér um tónlist eftir tónleikana. Frítt inn.

SING FOR ME SANDRA

Faktorý
21:00 Útgáfutónleikar Sing For Me Sandra sem gáfu út fyrstu plötuna sína, *Apollo's Parade*, í haust. Frítt inn.

TING: DIREKT

Tjarnarbíó
21:00 Norræn tónlistarhelgi hefst með tónleikum sveitanna Slaraffenland frá Danmörku, Budam frá Færeyjum og íslensku hjómveitinni Orphic Ostra. Hægt er að kaupa miða á eitt kvöld eða alla tónleika hátíðarinnar á midi.is. Passi sem gildir á alla tónleikana kostar 3.900 kr. en miðaverð á eitt stakt kvöld er 2.000 kr.

föstudagur **5** nóv

UNGLIST - SAMANSULL TÓNLEIKAR

Tjarnarbíó
19:30 Íslensku hjómveitarnar Of monster and men og The Assassin of a Beautiful Brunette spila ásamt nokkrum erlendum hjómveitum og Freerunning-hópurinn Radioactive pants leikur listir sínar. Frítt er inn á alla viðburði Unglistar sem stendur yfir daga 5.-13. nóvember.

TING: DIREKT

NASA
22:00 Norræn tónlistarhelgi heldur áfram með Datarock frá Noregi ásamt íslensku sveitunum Retro Stefson og Berndsen.

laugardagur **6** nóv

UNGLIST - DANSINN DUNAR

Tjarnarbíó
15:00 og 20:00 Ungir dansarar í Reykjavík sýna listir sínar. Á boðstólnum verður hip hop, breik, funk, jazz nútímans og margt fleira. Frítt inn.



TING: DIREKT

Frikirkjan
20:00 Norrænni tónlistarhelgi lýkur með stæl í Frikirkjunni en þar koma fram sænska hjómveitin Wildbirds & Peacedrums ásamt Hjaltalín og Scola Cantorum.

BLAZ ROCA

NASA
23:59 Útgáfutónleikar fyrir breiðskífuna *KópaCobana* sem Blaz Roca sendi frá sér og segir vera fullorðins. Miðaverð er 1.500 kr.



SLAGARAR AF GUÐS NÁÐ

Pósthúsbarinn Akureyri
 Föstudagur kl. 23:00 og laugardagur kl. 23:00

Síðasti sjéns að heyra Slagara af Guðs náð

Dj Biggi Maus og Dj Matthías Már hafa staðið fyrir nær mánaðarlegum dj-kvöldum á Pósthúsbarinum á Akureyri undir yfyrskriftinni Slagarar af Guðs náð. „Móttökurnar hafa verið afar rausnarlegar og mikil stemning myndast,“ sagði Biggi þegar Monitor náði tali af honum en þeir Biggi og Matthías Már hafa einbeitt sér að því að bjóða upp á nýja möguleika í tónlistarvali.

„Þetta er skemmtilegt konsept,“ segir Biggi um lagavalið. „Við spilum ekki bara vinsælustu lögin hverju sinni heldur blöndu af allskonar slögurum. Það er alveg jafn líklegt að næsta lag verði 80's rafpopp eða eitthvað með Lady GaGa,“ segir Biggi og bætir við að ekkert verði gefið eftir á næsta plötusnúðakvöldi. „Við ætlum að klára þetta með stæl og reyna að fanga stemninguna sem hefur verið,“ segir Biggi en núna um helgina er síðasti sjéns að skella sér til Akureyrar og heyra alla bestu slagara.

Aðgangseyrir er 500 krónur og er selt við innganginn.

Jóhannes Ásbjörnsson

Það er fríhelgi á Fabrikkunni hjá mér svo ég ætla að reyna að nýta tímann eins og hægt er með fjölskyldunni. Ansi mikið að gera þessa dagana svo þetta verður nokkuð róleg helgi.



Helgin mín

Ólréttindadagurinn föstudaginn 5. nóv á Dönsku kránni



Ólréttindadagurinn 5. nóvember

- Kl. 14:25 - Allir að yfirgefa vinnustadinn sinn
- Kl. 15:00 - 15:30 - Ókeypis Ól
- Kl. 16:00 - 19:00 - Happy hour
- Kl. 20:59 - Jólansjórinn fellur / Jólalínu dælt

“En Tuborg Classic skal serveres köld og nydes med respekt”

Den Danske kro - Ingólfsstræti 3 - 101 Reykjavík

Samsung GALAXY 5



ENNEEM / SIA / NMA4089

Vertu á Facebook í símanum

Netið í símanum frá 490 kr. á mánuði.

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL og Quad-band með WiFi og GPS.

1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ